

Ráðningarnefnd Borgarbyggðar

Fundur haldinn 15. maí 2017.

Mætt: Eiríkur Ólafsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir.

1. Andabær

Erindi barst frá leikskólastjóra Andabæjar um ráðningu í 2 stöðugildi vegna fæðingarorlofa og starfsmanna sem hafa látið af störfum. Einn starfsmaður er að koma úr langvarandi veikindum og er komin í 80% starf. Beiðninni fylgir yfirlit yfir stöðugildi samkvæmt launalíkani og raunstöðugildi í maí. Ráðningarnar eru innan fjárhagsramma. Samþykkt.

2. Klettaborg

Erindi barst frá leikskólastjóra Klettaborgar um ráðningu í 90% stöðugildi. Einn leikskólakennari er að láta af störfum og einn starfsmaður hætti í apríl. Beiðninni fylgir yfirlit yfir stöðugildi samkvæmt launalíkani og raunstöðugildi í maí. Ráðningin er innan fjárhagsramma. Samþykkt.

3. Ráðningar í sumar

Rætt um að fá yfirlit yfir sumarráðningar á næsta fund.

Um ræðir ráðningarí:

- Íþróttamannvirki
- Vinnuskóla
- Sumarfjör

Fleira ekki gert.